

LISTIR

Menningarstarfsemi í ógöngum?

Myndlistarmenn sem hafa engan áhuga á myndlist

Í fjórða og síðasta hluta umfjöllunar um stöðu myndlistar á Íslandi leitar **Hulda Stefánsdóttir** álits tveggja aðila sem gangast fyrir myndlistarstarfsemi af ólíkum toga. Helgi Hjaltalín Eyjólfsson hefur starfrækt sýningarsalinn 20 fm frá því í mars og Kristín Petersen og Hans Kristján Árnason opnuðu listaverkaverslunina dADa í haust en listaverk sem gjafavara hefur verið algengasti sölumáti myndlistar undanfarin ár.

MYNDLISTARMENN hafa lengi staðið undir rekstri fjölda sýningarsala sem hafa hratt týnt tölunni á síðustu árum. Helgi Hjaltalín Eyjólfsson lítur svo á að komið sé að sinni kynslóð að standa vaktina. Framlag Helga er 20 fm sýningarrými í vinnustofunni hans að Vesturgötu 10a. Helgi segir ekki rétt að kenna áhugaleysi almennings um bága stöðu myndlistar í dag. Vanda málið felst að hans mati í áhugaleysi myndlistarmanna sjálfra á myndlist.

„Myndlistarmönnum hafði orðið tíðrætt um bága stöðu listgreinarinnar hér á landi og ég hafði sjálfur tekið þátt í lokasýningum tveggja sýningarsala; fyrst Við Hamarinn í Hafnarfirði og stuttu síðar Gallerís Greipar við Vitastíg. Ég lít svo á að allir þurfi að standa sína vakt í litlu samfélagi myndlistarmanna hérlandis og að nú sé stöði að minni kynslóð að gera eitthvað. Ég var nýkominn heim úr námi og starfsemin var gott tækifæri fyrir mig til að koma inn í myndlistarsamfélagið aftur og skapa nýjan vettvang fyrir tilraunir á sviði myndlistar.“

Helgi hefur ekki leitað eftir opinberum styrkjum til reksturs sýningarsalarins. Upphaflega mun hafa staðið til að taka greiðslu af listamönnum en hann segist fljótlega hafa fallið frá því, m.a. til þess að geta boðið þeim listamönnum til sín sem sér þættu áhuga-verðir. „Ég hafði hugsað mér að leita til fyrirtækja eftir styrkjum en komst að þeirri niðurstöðu að það væri ekki grundvöllur fyrir því þar sem ég hefði ekkert að bjóða fyrirtækjunum í staðinn. Það þröngvaði mér enginn til að taka þá ákvörðun

að opna sýningarsal svo ég sit víst uppi með hana,“ segir Helgi.

Aðsókn að sýningum er mismikil, allt frá 45 til 100 gesta hverju sinni. „Af þeim tæplega 500 myndlistarmönnum sem eru á skrá hjá Sambandi íslenskra myndlistarmanna eru varla fleiri en 100 virkir í myndlistarlífinu og ég velti því fyrir mér hverjir hinir 400 eru sem aldrei sjást á sýningum og hvers vegna þeir hafa engan áhuga á því sem er að gerast í myndlist,“ segir Helgi. „Hvers vegna ætti almenningur að hafa áhuga á samtímamyndlist þegar svo virðist sem myndlistarmönnum finnist mörgum hverjum myndlist leiðinleg?“ spyr Helgi. „Ég finn ekki fyrir fordómum hins almenna borgara gagnvart samtímamyndlist. Þeir myndlistamenn sem mæta reglulega á sýningar og taka þátt í umræðu um myndlist eru hins vegar alltof fáir miðað við allan þann fjölda sem kennir sig við listgreinina.“ Hann líkir íslenskri myndlistarstarfsemi við fótþótt á áhangan-genda. „Ég tel að vandi myndlistarinnar sé fyrst og fremst fölginn í því að baklandið er ekki nógu sterkt.“

Helgi segir að styrkir þess opinbera til myndlistarstarfsemi verði seint taldir nægjanlegir og að það hafi ekkert upp á sig að setja fram óraunhæfar kröfur í þá veru. Myndlistarmenn ættu í stað þess að skoða hvort ekki megi nýta betur þá fjármuni sem þegar er varið til listarstarfsemi af almannafé. „Við myndlistarmenn þurfum að rækta betur okkar eigin garð og spyrja okkur að því hvort við séum að standa okkur. Hvort við getum yfirleitt gert kröfu til þess að hinn almenni skattborgari styrki okkur.“



Morgunblaðið/Ásdís

HELGI Hjaltalín Eyjólfsson segir myndlistarmenn ekki geta sakað almenning um áhugaleysi því þeir séu litlu betri sjálfir. Meðal þeirra sem sýnt hafa í 20 fm eru myndlistarmennirnir Hannes Lárusson, Rúrí, Tumi Magnússon, Kristinn E. Hrafnsson, Bjarni Sigurbjörnsson, Guðrún Hjartardóttir og Pétur Örn Friðriksson.



Morgunblaðið/Árni Sæberg

KRISTÍN Petersen og Hans Kristján Árnason opnuðu sölugalleríð dADa fyrir tveimur mánuðum. Þau segja að það sé á brattann að sækja fyrir slíka starfsemi og alls óvíst að grundvöllurinn sé fyrir hendi í svo litlu samfélagi.

Klemma milli listarinnar og markaðarins

GALLERÍ dADa, Kirkjuhvoli, hóf göngu sína þann 12. september sl. Eigendurnir, þau Kristín Petersen og Hans Kristján Árnason, segja að það hafi lengi blundað í þeim að reyna fyrir sér með sölu á samtímamyndlist. Það var ekki síst fyrir hvatningu fjölmargra listamanna sem þau létu tilleiðast nú í haust en þeir listamenn sem til þeirra leita segjast ekki muna aðra eins tíma, svo mikið hafi sala á listaverkum dregist saman. Verslun sinni fundu þau stað í gamla reybænum, m.a. til að láta á það reyna hvort markaður er fyrir íslenska samtímamyndlist hjá erlendum ferðamönnum. Þegar inn er komið eru málverk áberandi en galleríð selur einnig skúlptúra, grafík, listhönnun og muni frá Vestur-Afríku. Þau Kristín og Hans Kristján leita til listamannanna og nú bjóða þau til sölu verk eftir um 30 listamenn. Starfseminni lýsa þau sem verslun með yfirbragði sýningarsalar.

Ekkert er komin nægileg reynsla á reksturinn til að skera úr um hvort grundvöllur er fyrir starfseminni en þau viðurkenna að það sé á brattann að sækja. „Það eru dæmi þess að hingað komi erlendir ferðamenn og kaupi allt að 6 verk á einu bretti,“ segir Kristín. „Fólk virðist ekki gera greinarmun á samtímamyndlist og verkum okkar fyrstu málara.“

Hans Kristján segist hafa velt því fyrir sér hvort skýringuna sé að finna í lágun launum almennings á Íslandi. „Efnafólkið byggir sér stórt hús og kaupir dýra bíla en virðist ekki sjá gildi góðrar samtímamyndlistar sem þó tónar iðulega vel við nútímalegan arkitektúr hýbýla þeirra.“

Þau segja augljósa klemmu milli þeirra tuga listamanna sem starfi að myndlist og markaðarins. „Markaðurinn virðist ekki vera skólaður í samtímamyndlist,“ segir Hans Kristján. „Fólk er öruggara þegar gömlu meistararnir eiga í hlut og það þarf sjálfsgott langan tíma og fræðslu áður en hugarfarsbreyting á sér stað. Það þarf líka að verja til þess miklum peningum og það er spurning hvort einstaklingar geta staðið í slíku.“ Hans Kristján segir að það sé líkt og markaðurinn komist ekki upp úr gamla landslags- og figúratífa málverkinu og inn í nútímann. „Við vissum allan tímann að við værum að renna blint í sjóinn með starfseminna en samt kom áhugaleysið okkur á óvart,“ segir Kristín. „Mönnum er tíðrætt um efnahagsuppsveiflu á Íslandi en á sama tíma kvarta margir þekktustu listamanna okkar undan dræmri sölu sem aldrei fyrr. Mér er hreinlega til efs að þessi uppsveifla sé fyrir hendi.“

Nýjar bækur

●**PRÍÐJI** tvíburinn er eftir Ken Follett.

Ung vísindakona gerir ótrúlega uppgötvun þegar hún kemst í gagnagrunn FBI. Þar finnur hún upplýsingar um tvo unga menn sem virðast vera einnigja tvíburar en eiga þó ekki sömu móður og fæddust hvor á sínum staðnum. Þegar liður á rannsókn hennar á þessu sérkennilega máli taka áhrifamiklir aðilar við sér og skyndilega hefur hún ríka ástæðu til að óttast um líf sitt. Í kynningu segir: „Þríðji tvíburinn er hörkuspennandi bók eftir metsöluhöfundinn Ken Follett sem kallaður hefur verið konungur spennusagnanna.“

Útgefandi er Vaka-Helgafell. Geir Svansson þýddi bókina sem er 437 blaðsíður að lengd. Bókin er prentuð í Portúgal. Leiðbeinandi verð er 2.980 krónur.

●**PRINSESSAN** afbrýðisama er eftir Hiawyn Oram og Tony Ross. Í bókinni segir frá tveimur prinsessum sem báðar vilja vera aðalprinsessurnar í höllinni. Sú eldri er ánægð með lífið og tilveruna en sú yngri er óánægð með að vera alltaf í skugga eldri systur sinnar og ákveður að grípa til sinna ráða.

Í kynningu segir: „Prinsessan afbrýðisama er bráðfyrindin saga um tvær systur sem báðar vilja vera í aðalhlutverki!“

Útgefandi er Vaka-Helgafell. Pétur Ástvaldsson þýddi söguna. Bókin er prentuð í Danmörku. Leiðbeinandi verð er 1.290 krónur.

●**RASMUS Klumpur og Móri** er eftir Harald Sonesson. Rasmus Klumpur er íslenskur börn að góðu kunnur úr sjónvarpi en bækur um hann hafa ekki verið fáanlegar á íslensku um árabíl.

Í kynningu segir: „Rasmus Klumpur og Móri er ný og skemmtileg bók um ævintýri þessarar vinsælu teiknimyndarpersónu þar sem Rasmus Klumpur og vinir hans fara í tívoli.“

Útgefandi er Vaka-Helgafell. Pétur Ástvaldsson þýddi söguna. Bókin er prentuð í Danmörku. Leiðbeinandi verð er 1.290 krónur.

●**LINDA** hittir Vetur konung er eftir Harald Sonesson. Sagan segir frá þeim ævintýrum sem Linda lendir í þegar hún ákveður að leita uppi Vetur konung til að bjóða hann að losa eyjuna þar sem hún býr úr klakaböndum.


Í kynningu segir: „Linda hittir Vetur konung er einkar hugljúf og hrifandi saga.“

Útgefandi er Vaka-Helgafell. Pétur Ástvaldsson þýddi söguna. Bókin er prentuð í Danmörku og leiðbeinandi verð er 1.290 krónur.

●**ÁFRAM** Herkúles! Það gengur mikið á þegar Herkúles æfir sig er í þýðingu Svölu Þormóðsdóttur.

Lesandinn getur tekið þátt í ævintýrinu því að honum er gefið merki í texta bókarinnar um að ýta á ákveðin tákn á hljóðtölvu sem er áföst við bókina og heyrast þá viðeigandi hljóð.

Í kynningu segir: „Áfram Herkúles! er í senn frábær saga og skemmtilegt leikfang.“ Útgefandi er Vaka-Helgafell. Bókin er framleidd í Kína. Leiðbeinandi verð er 1.599 krónur.



PAR sem myndlistarmaðurinn Hannes Lárusson rak um árabíl sýningarsalinn Gallerí Einn Einn að Skólavörðustíg 4b tók fataverslun yfir húsnæðið fyrir 3 árum.